

Skýrsla Æskulýðsnefndar Hrings árið 2016



Í þessari skýrslu fer ég yfir helstu atburði og þætti í starfi Æskulýðsnefndar Hrings á Dalvík fyrir tímabilið nóvember 2015 - nóvember 2016.

Félagsstarfið hefur verið ágætt að vanda en auðvitað mætti alltaf bæta um betur. Félagsstarfið liggur í dvala á haustmánuðum en tekur svo við sér aftur í nóvember eða desember aftur fyrir næsta tímabil.

Kennsla hefst að venju fljótlega eftir áramótin og var þessi vetur ekki undanskilinn því öflugt og gott starf var unnið og margir nemendur blómstruðu ásamt hestum sínum undir handleiðslu fagmanna.

Viðburðir:

Veturinn hófst að venju á hinu árlega jólabingóí Æskulýðsnefndar. Margir góðir vinningar voru í boði og var salurinn fullur af góðu fólki eins og venjulega. Allir komu með eitthvað gott í púkkið á veisluborðið sem er orðin hefð hjá okkur á hverju ári. Jólabingóið er algerlega búið að festa sig í sessi og er skemmtilegt að sjá að ungir félagsmenn sem hættir eru að stunda námskeið Æskulýðsnefndar eða eru vaxnir upp úr þeim, halda áfram að sækja þessa skemmtilegu samverustund.



Strax upp úr áramótum hittumst við á vídeó- og pizzakvöldi. Þar er farið yfir kennsluáætlun vetrarins, kynnt það sem boðið verður upp á og síðast en ekki síst hugmyndir fengnar frá börnunum um það sem þau hafa áhuga á og langar til að gera. Góð kvöldstund sem hrisstir hópinn saman og hvetur börnin til þátttöku í starfinu.

Að vanda er fyrsta kennslustund vetrarins í janúar nýtt til að læra hvernig best er að hugsa um reiðtygin. Ráðlagt er hvernig þrifa megi og bera á reiðtygin og hvaða efni best er að nota til verksins. Reiðkennslan var aðra hverja helgi allan veturinn, kennarar voru Cristina Newert og Guðrún Rut Hreiðarsdóttir.

Hátíðin Æskan og hesturinn var haldin á Akureyri í byrjun maí. Að venju lögðu Hringskrakkarnir mikinn metnað í atriði sitt, sem að þessu sinni var uppfærsla á hinu sígilda ævintýri, Öskubusku. Það er ávalt gaman, spennandi og mikil upplifun að taka þátt í þessari skemmtilegu hátíð og vonumst við til að haldið verði vel utan um og metnaður lagður í skipulag hennar á Sauðárkróki nú í vor.

Bryddað var upp á þeirri nýung þetta árið að bjóða upp á opið hús. Það var gert á laugardegi, daginn fyrir Pálmasunnudag. Opna húsið var kynnt í skólum sveitarfélagsins og gátu börn og foreldrar þeirra gengið inn í þau hesthús sem opin voru; fengið að klappa og kemma hestum, gefa þeim hey eða mola, skoða sig um og njóta. Í reiðgerðinu voru svo Hringskrakkar á hestum sínum með sýningaratriði að eigin vali. Það er óhætt að segja að þessi nýung mældist vel fyrir og sjá mátt mörg ný andlit sem alla jafna sjást ekki í hesthúsunum, enda gott tilefni fyrir þá sem ekki þekkja til að kynna sér starfið. Páskamót Hrings var haldið eins og síðastliðin ár, mörg börn og unglingar tóku þátt og skemmtu allir sér konunglega. Verðlaunagripir voru í boði og svo auðvitað páskaegg handa öllum þáttakendum. Slegið var upp kaffiveislu í sal á eftir og var fullt út úr dyrum.

Í lok reiðnámskeiðsins var haldið í reiðtúr austur á sand; frá Hringsholti, áð í Olís þar sem tvæfætlingar fengu sér ís og fjórfætlingar nýsprettu og svo riðið niður í fjöruna. Þetta var mjög skemmtilegur reiðtúr sem farinn var í góðu veðri og í enn betri félagsskap manna og hesta.

Firmakeppni Hrings var haldin og voru mörg börn og unglingar sem þar tóku þátt. Frábært mót til að æfa sig á heimavelli og margir efnilegir knapar á ferð.



Sumarið 2016 sá Sveinbjörn Hjörleifsson um reiðnámskeið fyrir börn eins og fyrri ár. Mikil aðsókn er að komast á reiðnámskeið hjá ungu kynslóðinni og mælast námskeiðin vel fyrir. Mörg börn njóta leiðsagnar hans á hverju ári og er þolinmæði hans og dugnaður alltaf til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Hefð er fyrir að fara í æskulýðsferð í júlí og er þá farið ríðandi fram Svarfaðardal og svo Skíðadal og alla leið í Stekkjarhús í botni Skíðadals. Þetta árið varð því miður ekkert af þessari skemmtilegu ferð okkar, en fullur hugur er til þess að farið verði í þetta skemmtilega hestaferðalag á komandi sumri.

Mörg af okkar börnum og unglingum tóku þátt í mótum vítt og breytt um landið þetta árið. Alltaf eru nokkrir sem eru duglegastir að keppa og skara fram úr í sinni íþrótt.

Hér kemur smá upptalning af árangri þeirra, hafa ber í huga að listinn er ekki tæmandi, en það helsta talið til.

Bjarki Fannar Brynjuson (f. 1999)

Stórmót Hrings

Fimmgangur, 2. sæti A-úrslit; 6,36.

Gæðingamót Hrings

Tölt, 4. sæti A-úrslit, 7,11

Tölt, forkeppni; 7,33

Unglingaflokkur, 1. sæti á Dúkkulísu frá Þjóðólfsþaga

Unglingaflokkur úrslit, 1. sæti á Gyðju frá Húsey; 8,56

Gæðingakeppni Léttis

2. sæti á Gyðju frá Húsey; 8, 63

Kea mótaröð

Slaktaumatölt, 1. sæti A-úrslit; 7,25

Tölt, 2. sæti A-úrslit; 6,67

Líflandsmót

4gangur, 3. sæti A-úrslit; 6,63

Tölt, 1. sæti A-úrslit; 6,94

Stjörnutölt, boðsmót

Vann B-úrslit; 4. sæti A-úrslit; 7,0

Landsmót hestamanna, unglingaflokkur

Á Dúkkulísu frá Þjóðólfsþaga, 8,37

Tölt; 6,63, einnig á Dúkkulísu.

Einarsstaðamót, unglingaflokkur

Á Sigurbjörgu frá Björgum, 1. sæti; 8,58

Bjargarleikar

Á Júdit frá Fornþaga, 2. sæti.



Hjörleifur Helgi Seinbjarnarson (f. 1999)

Stórmót Hrings

Gæðingaskeið, 6. sæti

Tölt unglunga, 3. sæti A-úrslit; 6,17

Fimmgangur ungmenna, 4. sæti; 5,69

Skeið – 100m. 7. sæti; 9,54 sek.

Landsmót hestamanna

Unglingaflokkur; 8,18

Opið gæðingamót Hrings

Unglingaflokkur, 4. sæti; 8,12

Tölt; 5,43

Skeið – 100m.; 9,86 sek.

Skeið – 150m.; 16,46 sek.



Nikola Maria Anisiewicz (f. 2003)

Landsmót hestamanna

Barnaflokkur, forkeppni; 8,27, 36. sæti

Opið Gæðingamót Hrings

Barnaflokkur, 3. sæti A-úrslit; 8,11

Barnaflokkur, forkeppni, 1. sæti; 8,06

Firmakeppni Hrings

1. sæti í úrslitum 14 ára og yngri

Páskamót Æskulýðsnefndar

Þrígangur, 1. sæti

Tölt, 2. sæti



Ólöf Antonsdóttir (f. 1998)

Á Gildru frá Tóftum

Nýárstölt

Opinn flokkur Forkeppni; 5,3

Kea mótaröð

Fjörgangur 2 flokkur, forkeppni; 5,37

Líflandsmót

Tölt Ungmfl. forkeppni; 5,67, úrslit 6,39 (1. sæti)

Fjörgangur Ungmfl. , forkeppni; 5,77, úrslit; 6,37 (3. sæti)

Gæðingamót hrings

Ungmennaflokkur Forkeppni; 8,06, úrslit; 8,37 (2. sæti)

Landsmót forkeppni

Ungmennaflokkur 8,11

Stórmót hrings

Fjörgangur minna vanir, forkeppni; 6,27 úrslit 6,5 (3. sæti)



Urður Birta Helgadóttir (f. 2003)

Páskamót Æskulýðsnefndar

Þrígangur, 2. sæti

Tölt, 1. sæti

Úrtaka fyrir Landsmót hestamanna

2. sæti í úrslitum



Vigdís Anna Sigurðardóttir (f. 1998)

Héraðsmót og Skagfirðings

fjörgangur, 6. sæti; 5,67

tölt T3 forkeppni, 3. sæti; 5,40

tölt T3 A úrslit 4. sæti; 5,83

Opið gæðingamót Hrings

Forkeppni 8,00 3. sæti

A úrslit 8,21 3.sæti

Úrtaka fyrir Landsmót (Skagfirðings) f

orkeppni; 8,09 14. sæti

Úrtaka fyrir Landsmót (Skagfirðings)

seinni dagur forkeppni; 8,08 10. sæti

Landsmót hestamanna forkeppni 8,06 66. sæti



Til marks um hversu vel unglingarnir okkar í Hring hafa staðið sig vel á árinu ber að nefna að Hjörleifur Sveinbjarnarson, 17 ára, hlaut þann heiður að vera valinn fyrirmyndarfélagi Hrings á árinu og Bjarki Fannar Brynjonson, 17 ára, knapi ársins. Þetta er mikill heiður og hvatning til þeirra félaga og verður spennandi og skemmtilegt að fylgjast með þeim félögum í framtíðinni.

Fyrirmyndarfélagi Hrings 2016 – Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson

Þessi félagi getur verið bæði eldri og yngri félögum til fyrirmyndar bæði innan vallar sem utan. Hann er ungur, duglegur, ósérhlífinn og alltaf tilbúin að vera með í störfum félagsins og hjálpa þeim sem hann getur. Hann hefur verið að standa sig vel í keppni og hefur hæfileikann og dugnaðinn til að geta komið sér áfram í þeirri vegferð. Það var til dæmis eftir því tekið að hann setti sig ekki á háan hest þegar að ráðist var í gerð atriðis fyrir Æskan og hesturinn og var hann með, þó að hann bæri höfuð og herðar yfir aðra krakka í hópnum bæði í aldri og stærð (og jafnvel getu). Það er ómetanlegt að hafa svona félaga sem alltaf er jákvæður, óháð því hvernig honum gengur sjálfum. Það er gaman að fylgjast með honum í keppni og ef það gengur ekki allt að óskum brosir hann bara og segir æji við gerum bara betur næst.

Knapi Hrings árið 2016 – Bjarki Fannar Brynjonson

Þessi knapi hefur verið afar duglegur að keppa og er að taka miklum framförum. Hann náði frábærum árangri á árinu þá sérstaklega á Dúkkulísu frá Þjóðólfshaga og ber þar hæðst að okkar mati að hann náði að vinna sér rétt til að keppa í Tölti T1 á Landsmóti á Hólum í sumar, en það gerði Bjarki Fannar með frábærri sýningu á Dúkkulísu hér á Hringsvellingum sl. vor þar sem þau hlutu í einkunn 7,33. Bjarki stóð sig mjög vel í keppnum og má geta þess að hann náði fimm gullverðlaunum á árinu og hann reið úrslit 18 sinnum. Við hlökkum til að fylgjast með þessum unga knapa í framtíðinni.

Æskulýðsnefnd veitti Hvatningarverðlaun og Dugnaðarverðlaun eins og fyrri ár og voru handhafar þeirra verðlauna sannarlega vel að þeim komnir. Dugnaðarforkur ársins 2016 var valin Þórey Steingrímsdóttir (f. 2006) og hvatningarverðlaunin hlaut að þessu sinni Nikola Anisiewicz (f. 2003). Líkt og sjá má hér að ofan átti Hringur sína fulltrúa á Landsmóti hestamanna í barna- og unglingaflokki. Félagið leggur metnað sinn í að styðja vel við fulltrúa ungu kynslóðarinnar og fékk líkt og áður reiðkennara til þess að fylgja krökkunum eftir; undirbúa þau og þjálf þau fyrir þessa stóru keppni. Að þessu sinni voru það reiðkennararnir Anton Níelsson og Guðrún Rut Hreiðarsdóttir sem það gerðu.

Kveðja,
f.h Æskulýðsnefndar Hrings.
Dagbjört F. Ásgeirsdóttir

